

Fossar

– Byggingar- og afhendingarlýsing

Húsin eru framleidd skv. Einingakerfi Landshúsa. Kerfið samanstendur af samsettum einingum og forsníðnu efni. Efla verkfræðistofa hannaði allar tæknilegar útfærslur í einingakerfinu skv. gildandi byggingarlöggjöf á Íslandi. Húsin uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til íbúðarhúsnæðis í þéttbýli og dreifbýli.



GÓLF:

Húsin eru hönnuð á steypa plötu sem kaupandi útvegar – hönnun plötu fyrir staðlaðar útfærslur er innifalin.

VEGGIR:

Útveggir: Timburgrind útveggja er 45x145 mm, klædd að utan með 12mm rakapólum krossvið.

Útveggir eru klæddir að utan með 21mm standandi bandsöguðum grenipanel á 21+25 mm legtum. Klæðning er ómeðhöndluð (ómáluð). Hægt er að uppfæra klæðningu í viðhaldsfria lerkiklæðningu.

6" steinull sem passar á milli stoða fylgir með og er sett inn í útveggjagrind innanfrá eftir að búið er að reisa húsið. Rakaserruplast og lagnagrind fylgir með í metrávis.

Innveggir: Timburgrind innveggja er 45x95 mm, klædd með 12mm grenikrossvið á báðum hliðum (önnur hliðin kemur ekki áföst en tilsníðin svo að aðgengi fyrir sem koma á fyrir inni í veggjum sé greitt). Endanleg klæðning innveggja eru rakavarðar nótaðar spónaplötur (60cm breiðar). 4" steinull inn í veggji fylgir með og er hún sett í eftir að búið er að reisa veggina.

ÞAK:

Þakuppbygging er mismunandi eftir húshlutum. Húsið skiptist í eftirfarandi hluta: 1. Stofa- og eldhúsálma, 2. herbergjaálma og 3. bílskúr. Allur viður í sperrum er af styrkleika C24. Hér er lýsing á hverri álmu fyrir sig (Sjá einnig ítarlegar upplýsingar í eftirfarandi skrá: Teikningar – Sníð):

1. Stofa- og eldhúsálma
 - a. Loft tekið upp. Límtrésbíti er í mæni hússins og tengjast þaksperrur í hann frá útveggjum, 45mm x 248mm. Mesta lofthæð er 4,4m.
2. Herbergjaálma
 - a. Loft tekið niður og er uppbyggingin með kraftsperrum. Hver sperra kemur í tvennu lagi og er samsett í miðju þegar hús er reist. Lofthæð undir neðri brún sperru er 2,6m.
3. Bílskúr
 - a. Sperrur, 45mm x 248mm, með togbandi. Lofthæð undir neðri brún togbands er 2,8m.

Þakklæðning eru 21mm nótuð greniborð. Endanlegt þak efni er litað stál sem fest er með lituðum sjálfborandi skrúfum, upptekið á tvöfalt legtukerfi með Siga þakdúk í undirlag. Allur frágangur á þaki, þ.e.a.s. þakflasningar á göflum húss ofan á þakkant ásamt flasningum ofan í þakrennur (efri og neðri flasning skv. hönnun), fylgir með tilsníðið.

GLUGGAR OG HURÐIR

Gluggar og hurðir eru úr máluðu timbri og eru með CE vottun. Hurð er með læsingu frá Assa. Gluggar koma glerjaðir með tvöföldu gleri. Hurð kemur glerjuð með hurðapumpu. Baðherbergisgluggi er með hefðbundnu sandblásnu gleri. Allar blikkflasningar/vatnsbretti undir og yfir glugga og hurð fylgja ásamt frágangslistum í kringum glugga og hurðir.

Hægt er að velja mismunandi útlit á hurðum skv. lista. Allar opnanir á gluggum og hurðum er farið yfir með kaupanda við þöntun, m.ö.o.

kaupandi ákveður (yfirleitt út frá ríkjandi vindátt á staðnum) hvort hann vilji hægri eða vinstri opnun á öllum opnanlegum gluggum og hurðum.

– ATH – hægt er að uppfæra hurðir og glugga í ál/tré.

Teikningar:

Aðal-, burðarþols-, og lagnateikningar fyrir Fossa eru innifaldar í verði fyrir staðlaðar útfærslur (Efla á Akureyri sér um hönnun verkefna).

Kaupandi sér um endanlega hönnunarvinnu, s.s. staðsetningu húss á lóð, afstöðumynd, breytingar á húsi o.s.fr. í samráði við hönnuð. Þóknun hönnuðar vegna breytinga, þ.e.a.s. fyrir þá hönnun sem utan þess ramma sem er innifalin í verði hússins, fer eftir umfangi hverju sinni og er samningsatriði milli hönnuðar og kaupanda. Ef engar breytingar eru gerðar á stöðluðum útfærslum Fossa er engin auka þóknun fyrir hönnun.

Hönnun:

EFLA verkfræðistofa á Akureyri sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar. Öll hönnun á burðarvirki, festingum og allt efnisval er skv. gildandi byggingarlöggjöf. Húsin uppfylla því að öllu leyti kröfur sem gerðar eru til húsbýgginga hér á landi.

ANNAÐ:

Rennur og niðurföll fylgja með húsunum.

Allt efni burðarefni hússins er styrkleikaflokkað T1 eða sterkara (C24 er notað) og er CE vottað sbr. kafla VIII í mannvirkjalögum.

Afhending og afhendingartími:

Húsin koma ósamsett. Efnið í húsin kemur að hluta í einingum og hluta tilsníðið eins og lýsingin að ofan greinir frá. Innihurðir fylgja ekki með en hægt er að panta þær aukalega í mismunandi útfærslum, ýmist ómeðhöndlaðar, lakkaðar eða málaðar í lit að eigin vali. Hurðir koma með kórnum, húnum og læsingu.

Afhending fer fram í Hafnarfirði. Kaupandi sér um flutning þaðan á byggingarstað. Áætlaður afhendingartími er 12 vikum eftir staðfesta pöntun eða fyrr.

Geymsla efnis fram að uppsetningu:

Húsin afhendast í pökkum sem þola léttu rigningu í stuttan tíma. Pakkningar geta staðið úti í lengri tíma, einkum yfir björtustu mánuði ársins, undir eftirliti. Efnið kemur á brettum, pakkað inn í plast (nema í botni, þar er brettið opið). Svo lengi sem plastið sé ekki fjarlægt og staðsetning pakkninga er við góða loftun er ekki hætt á að efnið skemmist. Glugga og hurðir skal taka úr plasti og geyma á þurrum og vel loftræstum stað. Rýmið þarf ekki að vera upphitað, einungis þurrt og vel loftræst.

Val- og breytingarmöguleikar:

Hægt er að aðlaga húsin að mjög miklu leiti að óskum hvers og eins. Hér eru helstu breytingarmöguleikar Fossa:

Hægt er að:

- Breyta stærð húss:
 - Stækka stofu og eldhús
 - Með auka stækkunum
 - Með því að bæta við „T-stykki“ á húsið (sbr. bílskúr) – tvær breiddir í boði og lengd að eigin vali.
 - Stækka svefnálmum með auka stækkunum
 - Stækka bílskúr með auka stækkunum
- Breyta innra skipulagi
 - Fjölga eða fækka herbergjum
 - Stækka eða minnka herbergi
- Hafa hús með eða án bílskúr (einfaldur eða tvöfaldur)
- Spegla húsum á alla kanta
- Fjölga, fækka eða breyta gluggum og hurðum
- Uppfæra glugga og hurðir í ál/tré
- Uppfæra utanhúsklæðningu í viðhaldsfría lerkiklæðningu
- Sleppa timburklæðningu sé óskað eftir annarri klæðningu, s.s. bárujárni eða áli.
- Bæta við gólfgrind (Tilsniðin 8" grind með músaneti+krossvið í botni og 21mm greniborðum eða rakavörðum spónaplötum í gólfklæðningu)

Uppsetning:

Uppsetningartími Fossa er stuttur þar sem húsið er afhent allt tilsníðið og að hluta samsett. Ekki þarf aðkomu sérstaks uppsetningarteymis við að setja húsin saman þar sem Einingakerfi Landshúsa er einfalt og fljótlegt fyrir fagaðila að tileinka sér. Einnig fylgja ítarlega leiðbeiningar, aðgangur að kennslumyndbandi og gott aðgengi að starfsfólki Landshúsa ef einhverjar spurningar vakna í miðju verki. Ekki þarf stórvirkar vinnuvélar við uppsetningu húsanna þar sem þau samanstanda af litlum einingum sem flestar eru eins manns tak. Við þakvinnu þarf þó mögulega aðkomu lítills krana (sbr. krana á litlum kranabíl) hluta úr degi til að hífa þyngstu hluta hússins sem eru límtrésbiti og sérstyrktar kraftsperrur.

Greiðslufyrirkomulag:

Við staðfestingu er greitt 50%

Við afhendingu er greitt 50%

Reikningsupplýsingar:

1110-26-6868 (kt. 530213-0640)